

Starfsleyfi fyrir flugeldasýningar árin 2021 til 2025

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur móttengið umsókn frá Björgunarsveitinni Hérað dags. 25.11.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi vegna flugeldasýninga sem haldnar eru árlega á áramótum og á þrettándanum á Egilsstöðum.

Starfsemin er starfsleyfisskyld skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annara laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Leyfishafi: Björgunarsveitin Hérað, kt. 481199-2989

Staðsetning:

Varastaðsetning:

Tímasetning: Milli kl. ? og ?

1. Gildis- og ábyrgðarsvið

- 1.1 Leyfið tekur til flugeldasýninga á áramótum árin 2021 til 2024 að báðum árum meðtöldum og á þrettándanum árin 2022 til 2025 að báðum árum meðtöldum. Leyfið veitir heimild til einnar flugeldasýningar ár hvert um áramót og einnar flugeldasýningar ár hvert á þrettándanum.
- 1.2 Leyfið er veitt með þeim skilyrðum að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum.
- 1.3 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

2. Skilyrði

- 2.1 Leyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands er skilyrt því að fyrir liggja endanlegt leyfi lögregluþyrvalda fyrir sýningunni.
- 2.2 Skyllt er að haga allri háværru starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði.
- 2.3 Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðrátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- 2.4 Sjá skal um að skotsvæðið sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.

dd. desember 2021

F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands,



Dröfn Svabjörnsdóttir
heilbrigðisfulltrúi